



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Fréttatilkynning

30. september 2025

Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

Fjórði ársfjórðungur 2025

- Á fjórða ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf fyrir **24 ma.kr.** að söluvirði.
- Flokkar sem mögulega verða boðnir út eru allir markflokkar ríkisbréfa og mun stærð þeirra og markaðsaðstæður ráða því hvort og þá hversu mikið verður selt í hverjum flokki.
- Á fjórðungnum er fyrirhugað að gefa út í verðtryggða flokknum RIKS 50 0915 og er stefnt að viðskiptavakt með flokkinn.
- Möguleiki er á skiptiútboðum eða uppkaupum á RIKS 26 0216 á fjórðungnum.

Útgáfa á árinu

Í ársáætlun frá Lánamálum ríkisins fyrir árið 2025 var tilkynnt að útgáfa ríkisbréfa yrði 180 ma.kr. að söluvirði á árinu¹. Útgáfa á fyrstu 9 mánuðum ársins nam um 156 ma.kr. að söluvirði, ef undan er skilin útgáfa í tengslum við uppgjör ÍL-sjóðs.

Fyrirhuguð útgáfa ríkisbréfa

Útgáfa ríkisbréfa á fjórða ársfjórðungi er áætluð **24 ma.kr.** Í fréttatilkynningu Lánamála frá 10. mars sl. kom fram að gefinn yrði út nýr verðtryggður flokkur með gjalddaga 2050 og að stefnt yrði að viðskiptavakt með flokkinn. Í tengslum við uppgjör ÍL-sjóðs í júní sl. var flokkurinn RIKS 50 0915 gefinn út og er frekari útgáfa í flokknum fyrirhuguð á ársfjórðungnum.

Skiptiútboð - uppkaup

Möguleiki er á skiptiútboðum á RIKS 26 0216 á fjórðungnum þar sem eigendum bréfanna verður boðið að skipta yfir í aðra flokka ríkisbréfa. Ávöxtunarkjör og aðstæður á markaði munu ráða því hvaða flokkar verða boðnir út í skiptiútboðunum og hversu mikið verður selt með þeim hætti. Jafnframt er möguleiki á beinum kaupum á RIKS 26 0216 á eftirmarkaði. Útgáfa í tengslum við skiptiútboð á fjórðungnum getur bæst við útgáfumagn ársins samkvæmt ársáætlun þar sem hún dregur úr útgáfupörfinni á næsta ári.

¹ Við útreikning á söluvirði er notað hreint verð (clean price) að viðbættum áföllnum verðbótum, þ.e. söluvirðið er metið án áfallinna vaxta.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Fyrirhuguð útgáfa ríkisvíxla

Útgáfa ríkisvíxla er mikilvægur liður í lausafjárstýringu ríkissjóðs. Tímalengd víxlanna getur numið frá 1 mánuði upp í 12 mánuði. Sveigjanleiki í víxlaútgáfu er mikilvægur og til greina gæti komið að bæta við útboðum umfram það sem fram kemur í útgáfudagatali Lánamála.

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa og ríkisvíxla verða birtar tveimur virkum dögum fyrir hvert útboð.

Nánari upplýsingar veitir starfsfólk Lánamála ríkisins, sími: 569 9994 / netfang: lanamal@lanamal.is